



Reglur Skútustaðahrepps um sérstakan húsnæðisstuðning

1. gr.

Skilgreining og markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa og þungrar framfærslubyrðar

2. gr.

Umsókn

Félagspjónusta Norðurþings, f.h. Skútustaðahrepps, annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning, samkvæmt gildandi reglugerð Norðurþings, í samræmi við gildandi samstarfssamning um samvinnu sveitarfélaganna á sviði sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu.

Umsókn til Félagspjónustu Norðurþings skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, líkt og nánar er kveðið á um í reglugerð Norðurþings um sérstakan húsnæðisstuðning.

3. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 65% af leigufjárhæð. Sækja skal um á skrifstofu Skútustaðahrepps á þar til gerðu eyðublaði. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram afrit af þinglýstum húsaleigusamningi og staðfestingu á námi barns.

4. gr.

Gildistaka

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagspjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi eldri reglur Skútustaðahrepps um sérstakar húsaleigubætur.

Samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 11.01.2017

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri